

**Nd.**

**523. Breytingartillögur**

[47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (ÁS, ÁB).

Í stað 5. gr. komi tvær nýjar greinar (og breytist greinatalan samkvæmt því):

- a. (5. gr.) Allir refir skulu geymdir í fulltryggum girðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim.

Frá 1. janúar 1952 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað eða seldir úr landi fyrir þann tíma. Ríkissjóður greiðir eigendum minkabúa bætur fyrir það tjón, er af banni þessu leiðir, samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, þó ekki fyrir hærri tölu lífdýra en til voru 1. janúar 1951.

- b. (6. gr.). Heimilt skal eigendum minkabúa að ráðstafa að eigin vild þeim gjald-eyri, er fæst fyrir þau minkaskinn, er framleidd eru árið 1951, svo og þeim gjaldeyri, er þeir fá fyrir þau dýr, er seld kunna að verða úr landi, og fellur þá bótaskylda ríkissjóðs niður að nokkru eða öllu leyti.